

Geir Zoëga framkvæmdastjóri Krossanes:

Höfum ekki hugsað okkur að hætta móttöku á loðnu

„VIÐ SÖMDUM um nokkuð hátt verð við útgerð Súlunnar, aðeins fyrir einn farm, en ætluðum okkur ekki að borga það út vertíðina. Ástæða þess er sú, að það er verksmiðjum norðan lands mjög mikilvægt að lengja vinnslutím-ann með því að veidar hefjist eins snemma við Jan-Mayen og unnt er. Við fáum ekkert af loðnunni eftir að hún er komin suður fyr-

ir. Þess vegna er okkur hagur í því, að sem mest veiðist sem fyrst á vertíðinni,“ sagði Geir Zoëga, verksmiðjustjóri fiskimjölsverk-smiðjunnar í Krossanesi, í samtali við Morgunblaðið.

Geir sagði, að nú væri verið að bræða loðnuna úr Súlunni og fiskúr-gang. Það tæki um fjóra sólarhringa. Stjórnendur verksmiðjunnar hefðu ekki hugleitt þann möguleika að hætta móttöku á loðnu, þótt þeim fundist verði hátt. Oddamaður og aðrir í yfirnefnd verðlagsráðs sjávar-útvegsins hefðu átt að byggja verðákvörðunina á einhverjum raun-hæfum forsendum, ekki flugufregnum um samninga við einstakar verksmiðjur. Raunhæft verð hlyti að byggjast á útreikningum á afkomu verksmiðjanna og útgerðarinnar miðað við rekstrarkostnað og afurða-verð. Þegar verð væri ekki ákveðið með þeim hætti, væri eins gott að hafa það frjálst. Hann væri í raun og veru hlynntur frjálstri samkeppni, þar sem eftirspurn og framboð réði hráefnisverðinu. Væri rekstrarað-staða verksmiðja hér á landi sú sama og í nágrannalöndunum, til dæmis hvað varðaði verð á olíu og raf-magni, væru Íslendingar fyllilega samkeppnisfærir við nágranna sína.



Ein frægasta myndin á sýningunni er af eiginkonu málarans, Jacqueline.

Picasso-sýningunni að ljúka:

Sýningar-gestir orðnir 11 þúsund

SÝNINGUNNI á verkum spænska málarans Pablo Picasso á Kjarvalsstöðum lýkur um helgina. Sýningin var opnuð á Lista-hátíð í vor að viðstaddri ekkju málarans, Jacqueline Picasso, sem lánaði verkin á sýninguna úr sínu einkasafni.

Alls eru á sýningunni 54 málverk og ein járnmynd. eru hér á ferðinni meðal annars verk sem ekki hafa verið sýnd áður sem og fræg verk úr eigu málarans. Mikil aðsókn hefur verið á sýninguna og eru sýningargestir orðnir 11 þúsund.



Skotar bjóða 700 krónum meira fyrir loðnulestina

Tek ekki á móti loðnu á 1.900 krónur lestina, segir Aðalsteinn Jónsson á Eskifirði

SKOZK fiskimjölsverksmiðja hefur nú boðið íslenskum útgerðarmönnum mun hærra

verð fyrir loðnu en hér hefur verið samþykkt. Verðið er enn fremur hærra en önnur lönd

hafa boðið. Miðað við fituinnihald loðnunnar nú, 20%, býður þessi verksmiðja um 2.600 krónur fyrir lestina, en hér fást nú rúmar 1.900 krónur fyrir svo feita loðnu. Aðalsteinn Jónsson, eigandi fiskimjölsverksmiðjunnar á Eskifirði, segir verðið hér of hátt til að vinnsla borgi sig. Tilboðið frá Skotlandi breyti þar engu um og því telji hann réttast að hefja ekki vinnslu fyrr en verð hér hefur verið lækkað.

Fyrirtækinu J. Marr og Son, sem meðal annars selur íslenskan fisk í Hull og Grimsby, hefur borizt telexskæti frá fiskimjölsverk-smiðjunni í Fraserburgh, þar sem boðnar eru 2.140 krónur fyrir hverja lest miðað við 12% fituinnihald. Fyrir hvert 1% af fitu umfram 12% eru boðnar 61,20 krónur. Miðað við 20% fituinnihald eins og mældist í fyrstu förmun-um, sem hér hefur verið landað, verður verðið því um 2.630 krónur. Ekki er minnst á þurfnisinnihald í skætinu.


Baldvin Gíslason, starfsmaður J. Marr og Son, sagði í samtali við Morgunblaðið, að endanleg staðfesting hefði ekki fengist á þessu tilboði, en nokkrar útgerðir hér heima hefðu lýst áhuga sínum á þessu tilboði. Hann gat þess einnig að verð á gasolíulítra í Fraserburgh væri 3,60 krónur, en hér á landi 7,60 og af því væri vissulega hagur. Baldvin sagði enn fremur að tilboð hefði borizt frá

fiskimjölsverksmiðju á Suðureyj-um, en það væri nokkru lægra og olíuverð þar væri hærra. Hann sagði að sú verksmiðja gæti tekið á móti 800 lesta förmum, en afkastageta verksmiðjunnar í Fraserburgh væri óljós.

Aðalsteinn Jónsson, eigandi fiskimjölsverksmiðjunnar á Eskifirði, sagði í samtali við Morgunblaðið, að engin staðfesting hefði fengist á skozka tilboðinu. Það breytti heldur engu um það, að hér væru 1.900 krónur fyrir lestina allt of hátt verð. Hann ætlaði sér ekki að vinna loðnu á því verði. Jón Kjartansson, skip hans, væri á miðunum og það myndi landa heima, þar sem löndun fyrir hann fengist ekki í Krossanesi og hann risti of djúpt fyrir höfnina í Fraserburgh. Síðan yrði skipinu lagt og bræðsla að öðru leyti hæfist ekki fyrr en verð lækkaði hér heima. Þetta þýddi líklega það, að vertíðin frestaðist fram á haust hvort sem mönnum líkaði betur eða verr. Eigendur loðnuverksmiðja myndu fjalla um málið á laugardag og þar næðist vonandi samstaða.

Aðspurður um það, hve mikið verksmiðjurnar hér væru færar um að greiða, sagðist Aðalsteinn ekkert vilja segja. Sérstakir fulltrúar hefðu verið valdir til að fjalla um verðlagninguna.

Sjá greinargerð þjóðhagsstofnunar um ákvörðun loðnuverðs á bls. 31.



Borgarstarfsmenn fjarlægðu kantinn við bílastæði Eika-grills:

„Misskilningur vegna þess að einhver var í sumarfrú“

— segir Davíð Oddsson borgarstjóri

KANTUR sem starfsmenn borgarinnar steypu þvert yfir bílastæði Eika-grills á Langholtsvegi á fimmtudag er horfinn. Menn frá gatnamála-stjóra fjarlægðu hann í gær, og hreinsuðu burt steypuhrúgu sem þeir höfðu skilið eftir bakvið veitingastaðinn. „Þetta virðist hafa verið misskilningur milli manna, sennilega vegna þess að einhver var í sum-

arfrú. Þeir réðust í framkvæmd sem enginn hafði gefið leyfi fyrir,“ sagði Davíð Oddsson borgarstjóri.

Eins og kom fram í Morgunblaðinu í gær samþykkti borgar-ráð á fundi sínum 26. maí tillögu frá Borgarskipulagi um afnot veitingastaðarins af hluta Bráka-sunds. Aðspurður hvort Eika-grill mætti nú ganga frá bílastæðunum

eins og um var rætt sagði Davíð: „Það er enginn vafi um ákvörðun borgarráðs. Hún gildir að sjálf-sögðu.“

Eiríkur Finnsson, eigandi Eika-grills, sagðist ánægður með þessi málalok. „Nú er kanturinn horfinn, og strax í næstu viku ætlum við að vinna að því að setja upp blómaker til að afmarka bíla-stæðin. Mér finnst þetta hafa verið leiðindamál.“



Evrópa opnuð með viðhöfn

NÝR skemmtistaður, sem hlotið hefur nafnið Evrópa, var opnaður í gærkvöld að viðstöddu fjölmenni. Evrópa er til húsa í Borgartúni 32, þar sem veitingastaðurinn Klúbburinn hefur verið um árabil. Breytingar hafa verið gerðar á öllum hæðum en mestar á 1. hæðinni. Eigendur eru Vilhjálmur Ástráðsson, Gunnar H. Arnason og Arne Vest Andersen.

Evrópa er á fjórum hæðum og sagði Vilhjálmur Ástráðsson m.a. við opnunina að meiningin væri að

höfða til sem flestra og reynt yrði að bjóða upp á ferskleika og fjölbreytta skemmtidagskrá. Boðið yrði m.a. upp á diskótek og lifandi tónlist. Hollenska söngtríóið „Sensation“ og hljómsveitin Rikshaw skemmtu í gærkvöldi auk þess sem Móðelsamtökin voru með tiskusýningu. Þá er á fyrstu hæð hússins 12 fermetra skjár sem tengdur er móttökubúnaði fyrir gervihnattasendingar og því hægt að sýna beinar útsendingar frá evrópskum sjónvarpsstöðvum.

Evrópa verður opin á fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum.